


**Byggingarlýsing:**

Almennt:

| | |
|---|---|
| Staðsetning: | Heiðarbær lóð |
| Landnúmer: | 222397 |
| Fastanúmer: | 235-2108 |
| Staðgreinir: | 8721-5-20000065 |

**Stærð húss:**

| | |
|---|---|
| Brúttóflatarmál: | 98,2 m² |
| Brúttórúmmál: | 298,3 m³ |
| Birt flatarmál: | 98,2 m² |

| | |
|---|---|
| Stærð lóðar: | 14.995 m² |
| Nýtingarhlutfall: | 0,006 |

Húsið er frístundahús, byggt úr timbri á steyptum sökklum með steyptri botnplötu. Útveggir eru trégrindarveggir einangraðir og loftaðir. Klæðning á ytra byrði er lerkiklæðning, en að innan er húsið klætt með furukrossvið/gipsplötum. Þak er hefðbundið sperruþak, einangrað milli sperra og loftað. Frágangur á ytra byrði er ásoðinn þakpappi. Að innan er þakið klætt furukrossvið.
Innveggir eru trégrindarveggir, klæddir furukrossvið/gipsplötum.
Húsið er dökkbæsað/tjargað að utan og með svörtum tjörupappa á þaki. Gluggar eru trégluggar, álklæddir að utan. Útihurðir eru timburhurðir. Þak á skyggni yfir aðalinngangi er bárujárn.
Gert er ráð fyrir að rafmagni frá OR með inntaki í skemmu í norðurenda hússins. Neysluvatn er gert ráð fyrir að verði fengið úr borholu á lóðinni með inntaki á sama stað.
Reykskynjarar eru í öllum rýmum og slökkvitæki við útgang. Flóttaleiðir eru úr svefnherbergjum um opnanlegar hurðir beint út.

Einangrun:
Sökklar eru einangraðir að utan með 95mm steinull, og að innan með 150mm steinull/plasti. Steypt plata er einangruð undir með tveimur lögum af 150mm steinull/plasti og yfir með 50mm steinull. Útveggir eru einangraðir í grind með alls 260mm steinull. Þak er einangrað milli sperra/lekta, alls með 400mm steinull. Gluggar eru með tvöföldu/þreföldu háeinangrandi gleri.

Upphitun, loftræsing og lagnir:
Húsið er hitað með rafmagns gólfhita og tveimur brenniofnum.
Loftræsing er úr öllum rýmum um opnanleg fög, ýmist í gluggum/þakgluggum eða loftunarlúgum á veggjum.
Kalt neysluvatn er úr fyrirhugaðri borholu á lóðinni. Lagaleiðir verða í veggjum og lofti.
Frárennsli fer um 3200 lítraþriggja hólfa rotþró og siturlögn.

Kólnunartölur:
Stefnt er að að húsið uppfylli eftirfarandi gildi:

| | |
|---|---|
| Þak: | U <0,10W/m2°K |
| Útveggir: | U <0,15W/m2°K |
| Gluggar (karmar/gler, vegið meðaltal): | U <1,00W/m2°K |
| Hurðir: | U <1,50W/m2°K |
| Gólf : | U <0,10W/m2°K |

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Samþykkt
29 JUNI 2016
Byggingarfulltrúi

| | |
|---|---|
| verk: | Sumarhús 222397<br>Bláskógabyggð |
| tegund teikningar: | Aðaluppdráttur |
| heiti teikningar: | Afstöðumynd |
| mælikvarði: | 1:2000 |
| dagsetning: | 12.06.2015 |

útgáfuferill:

| útgáfunúmer: | skýring breytingar | dags. breytingar |
|---|---|---|

| | |
|---|---|
| nr.teikningar og útgáfa.: | 1/1 B1 |
| undirskrift hönnuðar: | |


andrúm ARKITEKTAR

STÚDÍÓ ANDRÚM ARKITEKTAR EHF
HVERFISGATA 54
KT 4409002830
101 REYKJAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| Haraldur Örn Jónsson | 111254 3899 | faí |
| Kristján Garðarsson | 270269 5679 | faí |


Öll afnot og afritun teikningar er háð skriflegu leyfi höfundar

9083